

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi „Vellir, 6. áfangi, Klukkuvellir 20-26“.

Í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 29. febrúar 2012 breytingu á deiliskipulagi Valla, 6. áfanga, á lóð við Klukkuvelli 20-26 í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að í stað fjögurra íbúða raðhúss á tveimur hæðum með innbyggðum bílgeymslum verði fimm íbúða raðhús á einni hæð án innbyggðra bílgeymslna.

Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gögn afhent Skipulagsstofnun til varðveislu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 19. mars 2012,

Anna Sofia Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 2. apríl 2012